

Kynjaskipt skólastarf í pólitískri umræðu – stutt yfirlit

Lilja S. Sigurðardóttir

Bandaríkin búa við hvað mestan blóma í kynjaskiptu skólastarfi um þessar mundir en árið 2002 var gamalt bann við kynjaskiptu skólastarfi í opinberum skólum aflagt, meðal annars fyrir tilstilli Hillary Clinton. Löng hefð er í Bandaríkjunum fyrir einkynja einkaskólum en eftir 2002 hefur kynjaskiptum skólum í opinberum rekstri fjölgað hratt. Þessi nýju lög fela það í sér að hverju skólaumdæmi ber að bjóða bæði stúlkum og drengjum kynjaskipt skólastarf, svo að ef drengjaskóli er stofnaður í umdæminu verður að stofna stúlnaskóla þar líka. Þetta hefur haft í för með sér nokkra „systur-bróður“ skóla sem vinna þá saman en algengast hefur orðið að fyrrum blandaðir skólar bjóða upp á kynjaskiptar bekkjardeildir.

Bylgja eðlishyggju hefur gengið yfir vestræna menningu undanfarin ár líkt og vinsældir kvenna frá Venus og karla frá Mars, Hellisbúans og fleiri bókmenntaverka af sama tagi bera vott um. Bandaríkjamenn hafa nýtt sér eðlishyggjuna mjög sem eina meginröksemdina fyrir því að kenna stúlkum og drengjum í sitt hvoru lagi og nota þar rannsóknarniðurstöður um ólíka sjón, heyrn, hreyfipörf og heilastarfsemi kynjanna til rökstuðnings. Ekki er óalgengt að skólastofur stúlkna og drengja í Bandaríkjunum séu með ólíkt hitastig, lýsingu, húsbúnað o.s.fv. allt eftir því sem talið er betur henta hvoru kyni. NASSPE samtökin (National Organization for Single Sex Public Education) með barnalækninn Dr. Sax í fararbroddi hafa verið öflugir talsmenn kynjaskipts skólastarfs, meðal annars af eðlishyggjuorsökum.

Bretar sem eiga gamla hefð fyrir stúlkna- og drengjaskólum taka reglulega upp umræðu um hvort samkensla eða kynjaskipting sé betri valkostur og er þá einkum horft til námsárangurs. Þar í landi er umræðan afar samofin gömlum en rótföstum hugmyndum um stéttaskiptingu og betri árangur kynjaskiptra skóla yfirleitt sleginn út af borðinu sem afurð betri einkaskóla og hærri stéttarstöðu nemenda. Þegar umræða um kynjaskipt skólastarf fær byr í Bretlandi er það yfirleitt alltaf á grundvelli námsárangurs en aðrir þættir s.s. sjálfsmýnd verða gjarnan útundan í umræðunni.

Í öðrum Evrópuríkjum hefur lítið borið á umræðu um kynjaskipt skólastarf nema á Spáni þar sem stjórnvöld hafa beitt sér fyrir banni við kynjaskiptum skólum en sú lagasetning hefur verið eitt af vopnum stjórnvalda í baráttu þeirra gegn valdi kaþólsku kirkjunnar.

Í Ástralíu hefur orðið töluverð vakning í áhuga á kynjaskiptu skólastarfi. Sú vakning er sterklega tengd hinni svokölluðu „drengjaorðræðu“ og snýr að stórum hluta að því að bæta námsárangur drengja.

Rekstrarform skóla hefur mikið blandast inn í umræðu um kynjaskipt skólastarf þó svo sú samtenging eigi takmarkaðan rétt á sér. Sökum þess hve einkaskólar í hinum vestræna heimi hafa að jafnaði verið frjálssari undan regluverki stjórnvalda hafa þeir í meira mæli haldið í gamalt form í kennsluháttum og þar með talið kynjaskiptinguna. Af þessum sökum hefur kynjaskipt skólastarf í engilsaxnesku ríkjunum stundum haft yfir sér

hægrisinnaðan blæ og jafnvel keim af afturhaldssinnuðum trúarhugmyndum en þveröfugt á Norðurlöndunum þar sem t.d. foreldrareknir skólar með nýjar uppeldishugmyndir hafa verið tákngervingar vinstrisinnaðra hugsjóna.

Feminísminn glímur hart við hugmyndina um kynjaskipt skólastarf og er sú glíma margflókin. Annarsvegar ríkir ótti meðal kvenfrelssinna um að kynjaskipt skólastarf sé einn liðurinn í bakslagi gegn kvenfrelsinu og að kynjaskiptir bekkir eða skólar geti orðið til þess að festa gömul og úrelt kynhlutverk í sessi. Stærstu kvenfrelssamtök Bandaríkjanna, NOW (National Organization for Women) hafa sett sig eindregið á móti kynjaskiptu skólastarfi og óttast að kynjaskiptingin opni á þá hættu að smám saman muni stúlkum og drengjum verða boðið upp á ólíkar námskrár og ólíkt námsefni og þar með verði úreltar hugmyndir um getu og hlutverk kynjanna endurvaktar og margra áratuga barátta fyrir sömu möguleikum kynjanna í námi fyrir bý. Í ljósi áherslu Bandaríkjamanna á eðlishyggju er þessi ótti ef til vill ekki alveg ástæðulaus. Annar angi feminísmans, svokallaður frjálslyndur (liberal) feminísmi fagnar tækifærinu sem kynjaskiptingin gefur til þess að auka sjálfstraust stúlkna og kvenna með því að veita þeim sérstaka þjálfun og er það í takti við hugmyndir frjálslyndra feminísta um að konur þurfi á einstaklingsgrundvelli að sækja fram eftir auknum völdum í samfélaginu. Róttækir feminístar hafa líka fagnað kynjaskiptingunni sem tæki til þess að breyta félagslegri uppbyggingu karlveldisins og hafa bent á að jafn mikilvægt og að þjálfra stúlkur í nýjum viðhorfum til kvenleikans sé að þjálfra drengi í nýjum og betri viðhorfum til karlmennskunnar.

Rannsóknir á árangri kynjaskipts skólastarfs eru margar til en afar erfitt getur orðið að bera þær saman þar sem þær lúta oft hver að sínu viðfangsefninu: sjálfsmynd, námsárangri, náms- og starfsvali, líðan o.s.fv. Einnig kemur félagsleg staða (socio-economic status) meira inn til sýkingar í rannsóknnum á kynjaskiptu skólastarfi þar sem mun fleiri einkaskólar eru kynjaskiptir. Aukið framboð af kynjaskiptu skólastarfi í almennum skólum t.d. í Bandaríkjunum mun á næstu árum eflaust breyta þessu og rannsóknnum án efa fjölga þegar fleiri kynjaskiptir skólar verða reknir fyrir opinbert fé.

Hjallastefnan hefur nú í 20 ár staðið fyrir kynjaskiptu skólastarfi samkvæmt hugmyndafræði Margrétar Pálu Ólafsdóttur. Kynjaskipting Hjallastefnunnar er fyrst og fremst hugsuð sem jafnréttisáhold, þ.e. henni er ætlað að tryggja stúlkum og drengjum sömu aðstöðu, jafnmikla athygli kennara og réttlát skipti skólagæðanna. Að auki inniheldur námskrá Hjallastefnunnar uppþótarvinnu fyrir hvort kyn um sig, þar sem unnið er með karlmennsku og kvenleika með það fyrir augum að auka færni allra til þess að njóta hæfileika sinna óháð kyni. Svo virðist sem betri námsárangur geti verið ein af auka-afurðum kynjaskipts skólastarfs Hjallastefnunnar þó enn sé of snemmt að fullyrða um slíkt því vera má að félagsleg staða (socio-economic status) komi þar inn til sýkingar.